

Fundur fjárhagsnefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi 3. mars 2025 kl 11.30. Fundur settur, mætt voru Hrefna Jónsdóttir og Bragi Þór Thoroddsen en ófyrirséð forföll voru hjá öðrum nefndarmönnum. Samþykkt að fresta fundi til miðvikudags 5. mars kl 13.00.

Fundur settur að nýju kl 13.00, 5. mars 2025, mætt voru Jóhann Birkir Helgason, formaður, Bragi Þór Thoroddsen, Elísabet Samúelsdóttir og Jón Árnason. Hrefna Jónsdóttir boðaði forföll með skömmum fyrirvara og því gafst ekki tími til að boða varamann í hennar stað. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og vísaði til boðaðar dagskrár

1. Ársreikningur FV 2024
2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2025
 - a. Nýjar tekjur
 - b. Ný útgjöld
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár

1. Ársreikningur FV 2024

Mætt til fundar Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur hjá Endurskoðun Vestfjarða. Formaður gaf Margréti orðið til að fara yfir niðurstöðu ársreiknings Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2024.

Rekstrartekjur nema kr 298.251.967,- en rekstrargjöld nema kr 299.806.500,-. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld og tekjur er neikvæð, er nemur 1.554.533,-, nettó fjármagnstekjur nema kr 3.462.342,-,-. Rekstrarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnstekna nemur kr 1.907.809,-.

Fastafjármunir nema kr 4.513.729,-, veltufjármunir kr 123.232.764,-, eignir alls kr 127.746.493,-.

Eigið fé kr 38.741.336,-. Langtímaskuld (Lífeyrisjóðskuldbinding) uppreiknuð í árslok 2024 kr 9.496.663,-, skammtímaskuldir kr 79.508.494., skuldir alls kr 89.005.157,-, eigið fé og skuldir alls kr 127.746.493,-.

Með reikningum fylgja skýringar og rekstrarreikningar fyrir deildir.

Margrét tilgreindi að endurskoðun væri ekki lokið en til þessa hefðu ekki komið fram atriði sem gerðu tilefni til athugasemda. Stefnt væri að endurskoðun yrði lokið í byrjun næstu viku.

Margrét og Aðalsteinn svöruðu fyrirspurnum um einstök atriði ársreikningsins.

Formaður gerði að tillögu að beina til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að samþykkja ársreikning fyrir árið 2024, með fyrirvara um endurskoðun gefi ekki tilefni til athugasemda. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Margrét Högnadóttir vék af fundi.

2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2025

Formaður gaf Aðalsteini orðið.

Aðalsteinn kynnti drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2025 sem lögð verði fyrir 70. Fjórðungsþing Vestfirðinga þann 2. apríl n.k..

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildartekjur hækki um 40,1 mkr frá fjárhagsáætlun 2025 og nemi 303 mkr og rekstrargjöld hækki um 40,1 mkr og nemi 302,3 mkr. Rekstarniðurstaða verði því 0,6 mkr,

Fyrir utan áætlun um líklegar verðlagsbreytingar á árinu 2025, þá eru ekki tillögur um breytingar frá fjárhagsáætlun 2025 að undanskildu breytingu á tilfærslu tekna frá árinu 2024 vegna svæðisskipulagsvinnu en koma til gjalda á árinu 2025 og 2026. Með áætluninni fylgir greinargerð til skýringar á einstaka tekju og útgjaldaliðum og vísast til hennar.

Formaður bar upp tillögu að vísa endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2025 til afgreiðslu stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tillagan samþykkt samhljóða.

Sviðsstjóri kynnti að við undirbúning fjárhagsáætlunar 2026 yrði við beiðni sveitarfélaga um að gerð verði 3 ára áætlun.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fundi slitið kl 14.00.